

Upplýsingar um ómskoðun um leggöng

Við hefðbundna leghálskrabbameinsskoðun í Leitarstöðinni er tekið frumustrok frá leghálsi og þreifing er gerð á legi og eggjastokkum. Ómskoðun er gerð ef eitthvað í þeirri skoðun eða heilsufarssögu krefst nánari athugunar.

Hvað er ómskoðun?

Ómskoðun um leggöng er hljóðbylgjurannsókn. Skýr mynd fæst af þeim líffærum sem skoðuð eru. Skoðunina framkvæmir sérfræðingur í kvensjúkdómum. Rannsóknin er áhættulaus og í flestum tilfellum án nokkurs sársauka.

Undirbúningur og framkvæmd

Fyrir skoðun fer kona úr nærbuxum, fer í hlífðarslopp og tæmir þvagblöðru. Meðan skoðunin fer fram liggur hún á bakinu með fætuna í stoðum, eins og þegar leghálssýni er tekið. Farið er upp í leggöngin með grannan skynjara og skoðun og mæling gerð á legi, eggjastokkum og aðliggjandi líffærum. Rannsóknin tekur um 10 mínútur. Að henni lokinni er konan frædd um niðurstöður og veittar ráðleggingar.

Ómskoðun kostar 2.000 kr., nema að framvísað sé afsláttarkorti.

Þú átt tíma í ómskoðun á Leitarstöð Krabbameinsfélagsins:

.....daginn kl.....

.....
hjúkrunarfræðingur